

# Fundargerð

## aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

### Haldinn föstudaginn 25. september

Á fundinn voru mættir 26 fulltrúar frá 18 aðildarsveitarfélögum.

Valur Rafn Halldórsson starfsmaður Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum ritaði fundargerð.

Gengið var til dagskrár.

#### 1. Ársreikningur

Valur Rafn starfsmaður Samtakanna fór yfir ársreikninginn. Árgjaldið var 30.000 krónur, og útgjöld lítil. Afkoma ársins var rúmlega 700 þúsund árið 2014 og er eiginfjárstaða samtakanna góð, eða tæplega 2.500 þúsund krónur.

*Ársreikningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum*

#### 2. Kosning þriggja manna stjórnar og þriggja til vara

Tillaga kom um að í aðalstjórn væru:

*Aðalmenn*

- Elías Jónatansson, formaður
- Kristín B. Árnadóttir
- Sandra Brá Jóhannsdóttir

*Til vara:*

- Ásthildur Sturludóttir
- Páll Björgvin Guðmundsson
- Pétur G. Markan

*Að svo búnu var ný stjórn kjörin með öllum greiddum atkvæðum.*

#### 3. Skýrsla stjórnar

Kristinn Jónasson, formaður Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, flutti skýrslu stjórnar og byrjaði hann á því að fagna nýjum lögum um flutning á raforku og þakkaði hann ráðherra sérstaklega fyrir að hafa beitt sér fyrir þessum lögum og að hafa komið þeim í gegnum þingið.

Því næst fór hann yfir það helsta sem hefur gerst á vettvangi samtakanna síðasta árið. Fór hann svo sérstaklega yfir þau verkefni sem framundan eru. En þau eru eftirfarandi:

- Óvissuástand sem er varðandi afhendingu á ótryggðri raforku sem sveitarfélögin kaupa. Þetta er verkefni sem þarf að leysa og er mikilvægt fyrir sveitarfélögin.
- Einnig er mikilvægt að skoða hvaða tækifæri varmadælur og varmaskiptar geta gefið aðildarsveitarfélögum SSKS

- Mikilvægt er að einfalda raforkureikninga og gera þá skýrari. Ítarlegri útfærsla gæti verið á Ísland.is
- Áhyggjur varðandi fyrirhugaðan sæstrengt en hann mun að öllum líkindum hækka raforkuverð.
- Kynningarefni til að birta í bæjarblöðin sem myndi leiðbeina fólki hvað það getur gert til að spara orku
- Skoða þarf á næstu þremur árum hvort mögulegt sé að sveitarfélögin fái niðurgreiðslu vegna opinberra bygginga.

Kristinn vildi þakka Orkusetrinu og ráðuneytinu fyrir gott samstarf í gegnum árin. Þetta hefur verið samstarfsverkefni sem hefur gengið vel þó svo að maður vilji alltaf sjá hlutina gerast hraðar.

Að mati Kristins þá mun raforkuverð hækka á næstu árum. Þetta er eftirsótt auðlind og finna þarf leiðir svo það bitni ekki á stórnotendum innan svæða SSKS. Hagsmunir íbúa á þessum svæðum eru mjög miklir varðandi raforkuverð og því mikilvægt að halda þessu baráttumáli á lofti. Íbúarnir eru vissulega fáir en þess vegna er enn mikilvægara fyrir samtökin að halda þessu baráttumáli á lofti.

Kristinn lagði til að farið yrði í samstarf við ráðuneytið og Orkusetrið til að kortleggja hvernig hægt er að lækka orkukostnaðinn hjá íbúum á hverju svæði fyrir sig.

Markmið Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum eru mjög skýr. Fækka félögum eins hratt og hægt er. Það er því verkefnið okkar á næstu árum.

Að lokum þakkaði Kristinn fyrir traustið sem honum hafi verið sýnt með formensku í samtökunum og sagði hann að markmið SSKS væri mjög skýrt eins og áður hafi komið fram, það að fækka félögum eins hratt og hægt væri. Bauð hann einnig fram aðstoð sína ef þarf í framtíðinni og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar í störfum sínum

#### 4. Ávarp ráðherra

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra þakkaði fyrir boðið á fundinn sem og hlý orð í sinn garð og ráðuneytisins. Þakkaði hún einnig Kristni og samtökunum fyrir frábært samstarf á seinustu árum.

Ráðherra tók undir orð Kristins um að einfalda mætti raforkureikninga landsmanna og sagðist hún vera tilbúin í að aðstoða SSKS í að fækka aðildarsveitarfélögum.

Fór hún yfir þann árangur sem hefur náðst á stuttum tíma en fyrir tveimur árum var ákveðið að setja þessi málefni í ákveðin forgang í ráðuneytinu. Þetta ef nefnilega mál sem þarf að taka sterkum tókum þar sem þetta stuðlar að búseturöskun, þetta er ávísun á lakari lífskjör, fólksflóttu o.s.frv. Þetta er því gríðarlega stórt byggðamál.

Fór hún yfir að hækkanir til beinna niðurgreiðsla milli ára er 215 m.kr. en árið 2016 er gert fyrir 1.716 m.kr. til niðurgreiðslu 916 m.kr. vegna jöfnunar kostnaðar við dreifingu á rafmagnni.

Ráðherra sagði að niðurgreiðslur til sveitarfélaga vegna opinberra bygginga væri ekki líkleg laus en á sama tíma opnaði hún fyrir samstarf til að finna aðrar leiðir í tengslum við það verkefni. Hún sagðist vilja útbúa nýjar lausnir fyrir þann hluta.

Varðandi sæstrengsumræðuna þá sagðist hún ætla að gæta hagsmuna okkar allra í því máli. Hún fór yfir að það þyrfti að hyggja að mörgu í því efni og því mikilvægt að menn gefi sér tíma til að fara vel yfir það mál áður en eitthvað er ákveðið.

Ráðherra leist vel á þá hugmynd að útbúa kynningarefni til að aðstoða fólk vil að spara raforku.

Að lokum ítrekaði hún að dyr ráðuneytisins væru alltaf opnar og sagðist hlakka til áframhaldandi samstarfs við SSKS.

## **5. Breytingar á samþykktum**

Valur Rafn starfsmaður samtakanna fór yfir þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á samþykktum SSKS. Í 5. gr. kemur nýr liður c þar sem ákvörðun um árgjald er færð til aðalfundar og mun því 7. gr. um árgjald falla niður. Einnig er lagt til að ný grein komi inn sem hljóðar svo:

„Ákvörðun um slit samtakanna verður aðeins tekin á aðalfundi með 2/3 hluta atkvæða. Verði slík tillaga samþykkt skulu eignir samtakanna renna til Sambands íslenskra sveitarfélaga til varðveislu en verði önnur samtök stofnuð í sambærilegum tilgangi skulu eignirnar renna til þeirra.“

*Samþykkt samhljóða*

## **6. Ákvörðun um árgjald**

Tillaga um óbreytt árgjald eða 30.000 kr.

*Samþykkt samhljóða*

Fundi var slitið kl. 14:35